



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS



Heilbrigðisstofnun Suðausturl  
Víkurbraut 31  
780 Höfn í Hornafirði

Hornafirði, 25. apríl 2020  
nr. erindis 202004070 GDÁ

**Málefni:** Tillaga að nýju nafni fyrir heilbrigðisstofnunina.

Í ljósi þess, að aðskilnaður hefur átt sér stað í rekstrarformi HSU Hornafirði þá tel ég ástæðu til, að endurskoða nafn stofnunarinnar. Frá og með 1. apríl síðastliðnum er Sveitarfélagið nú eingöngu að reka heilbrigðisþjónustu tengt málefnum eldri borgara. Því geri ég það að tillögu minni, að nafn stofnunarinnar verði;

*Öldrunarheimilið Skjólgarður*

Öldrunarheimilið Skjólgarður yrði yfirheiti heilbrigðisstofnunarinnar og þar undir áfram reknar hinar ýmsu undirdeildir eins og hjúkrunarheimilið, dvalarheimilið, dagdvöl eldri borgara, eldhús, skólamötuneyti, sjúkrarými og heimahjúkrun.

Í þessu samhengi væri einnig vert að skoða hvort ætti að láta hanna fyrir stofnunina merki sem ramar nafn þess og tilgang.

Virðingarfyllt

---

Guðrún Dadda Ásmundardóttir,  
frankvæmdastjóri HSU Hornafirði